

**Nd.**

**437. Frumvarp til laga**

**[133. mál]**

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Ed., 9. marz.)

Samhljóða þskj. 419 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

1. Á árinu 1972 er félagsmálaráðuneytinu heimilt að veita sveitarfélögum sérstakt aukaframlag, ef í ljós kemur, að ákvæði laga þessara reynast þeim óhagstæðari en lög nr. 51/1964. Slíkt framlag skal þó aðeins veita, ef hlutaðeigandi sveitarfélag innheimtir fasteignaskatt með fullu álagi, sbr. 3. mgr. 3. gr., leggur á fullt útsvar samkv. 25. gr. og fullt aðstöðugjald samkvæmt ákvæðum 36. gr.

Heimilt er að endurgreiða Jöfnunarsjóði úr ríkissjóði framlög, sem veitt eru samkvæmt þessu ákvæði.

2. Gjaldddagi fasteignaskatts á árinu 1972 skal vera 15. maí, sbr. þó 4. gr. i. f. Hafi sveitarstjórn þá innheimt fasteignaskatt, skv. lögum nr. 51/1964, skal endurgreiða gjaldendum það, sem ofgreitt kann að vera.

3. Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag í árslok 1971.